


Héraðsskjalasafn Austfirðinga



Ársskýrsla 2018

Afhendingaskrá 2018

Fundargerðir 2018

Fjárhagsáætlun 2020

Bára Stefánsdóttir

Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Austfirðinga 2018

Kornvöruseðill (mánaðarskamtur fyrir 1 mann) 10 kg. Gildir frá 1. sept. til árs- loka 1918. Ógildur síðar.		Kornvöruseðill (mánaðarskamtur fyrir 1 mann) 10 kg. Gildir frá 1. sept. til árs- loka 1918. Ógildur síðar.		Kornvöruseðill (mánaðarskamtur fyrir 1 mann) 10 kg. Gildir frá 1. sept. til árs- loka 1918. Ógildur síðar.					
Kornvöruseðill. $\frac{1}{4}$ mán.skamt. fyrir 1 mann 2,5 kg. Gildir frá 1. sept. til ársloka 1918 Ógildur síðar	Kornvöruseðill. $\frac{1}{4}$ mán.skamt. fyrir 1 mann 2,5 kg. Gildir frá 1. sept. til ársloka 1918 Ógildur síðar	Kornvöruseðill. $\frac{1}{4}$ mán.skamt. fyrir 1 mann 2,5 kg. Gildir frá 1. sept. til ársloka 1918 Ógildur síðar	Kornvöruseðill. 1 kg. Gildir frá 1. sept. til ársloka 1918.	Kornvöruseðill. 1 kg. Gildir frá 1. sept. til ársloka 1918.	Kornvöruseðill 0,5 kg. Gildir frá 1. sept. til árs. 18.				
Sjerstakur 4 mánaða skamtur fyrir þurrabúðarmenn. Sykur 3200 gr. Gildir til ársloka 1918.	1 mánuður Sykur 1200 gr. Gildir til ársloka 1918.	1 mánuður Sykur 1200 gr. Gildir til ársloka 1918.	1 mánuður Sykur 1200 gr. Gildir til ársloka 1918.	1 vika Sykur 280 gr. Gildir til árs- loka 1918.	1 vika Sykur 280 gr. Gildir til árs- loka 1918.	1 vika Sykur 280 gr. Gildir til árs- loka 1918.	1 vika Sykur 280 gr. Gildir til árs- loka 1918.	1 dagur Sykur 40 gr. Gildir til árs. 1918.	1 dagur Sykur 40 gr. Gildir til árs. 1918.

Efnisyfirlit

Stjórn og aðalfundur	2
Starfsfólk	3
Húsnæði	3
Rekstur	4
Móttaka skjala, gesta og erinda	5
Afhent skjöl.....	5
Gestir og fyrirspurnir	5
Ráðgjöf og eftirlit með skjalamálum	6
Opinbert eftirlit með héraðsskjalasöfnum	7
Ráðstefnur og fundir	7
Sýningar, kynningar- og útgáfustarf	8
Sýningar	8
Safnkynningar og heimsóknir á önnur söfn	8
Ættir Austfirðinga.....	8
Áramótakort og bókavaka.....	9
Ljósmyndasafn Austurlands	10
Ljósmyndavefur.....	10
Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar	11
Sérverkefni.....	12
Skönnun hreppsbóka.....	12
Skrá yfir afhendingar á árinu 2018.....	13
Stjórnarfundir og aðalfundir Héraðsskjalasafns Austfirðinga árið 2018	17

Forsíðumynd: Skjalaböggull sem fannst á háalofti á Vopnafirði.

Mynd á titilsíðu: Skömmunarseðlar frá árinu 1918 (úr skjalasafni Ármanns Halldórssonar).

Stjórn og aðalfundur

Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga var haldinn á Borgarfirði eystri 19. nóvember 2018. Fundinn sóttu fulltrúar aðildarsveitarfélaga, stjórn byggðasamlagsins, forstöðumaður og fundarstjóri á vegum gestgjafa. Ekki náðist að afgreiða fjárhagsáætlun á fundinum og var því boðað til framhaldsaðalfundar 14. desember á Egilsstöðum. Fulltrúar sveitarfélaga voru:

	aðalfundur	framhaldsaðalfundur
Borgarfjarðarhreppur:	Helga Erla Erlendsdóttir	enginn fulltrúi
Djúpavogshreppur:	umboð til fulltrúa Fljótshéraðs	Þorbjörg Sandholt
Fjarðabyggð:	Pétur Sörensson	Karl Óttar Pétursson
Fljótshérað:	Óðinn Gunnar Óðinsson	Óðinn Gunnar Óðinsson
Fljótshreppur:	enginn fulltrúi	umboð til fulltrúa Fljótshéraðs
Seyðisfjarðarkaupstaður:	umboð til fulltrúa Fljótshéraðs	umboð til fulltrúa Fljótshéraðs
Vopnafjarðarhreppur:	Jón Ragnar Helgason	enginn fulltrúi

Stjórnarmenn fram yfir aðalfund 2018 voru:

Fyrir Fljótshérað, Fljótshrepp og Borgarfjarðarhrepp: Ragnhildur Rós Indriðadóttir (aðalmaður), Þórður Mar Þorsteinsson (til vara).

Fyrir Fjarðabyggð: Björn Hafþór Guðmundsson (aðalmaður), Elvar Jónsson (til vara).

Fyrir Djúpavogshrepp, Breiðdalshrepp, Seyðisfjarðarkaupstað og Vopnafjarðarhrepp: Ólafur B. Valgeirsson (aðalmaður), Þorbjörg Sandholt (til vara).

Ólafur var formaður stjórnar, Ragnhildur varaformaður og Björn Hafþór meðstjórnandi.

Fjórir stjórnarfundir voru haldnir á árinu 2018 fyrir aðalfund: 26. febrúar, 23. apríl, 29. október og 12. nóvember. Breiðdalshreppur sameinaðist Fjarðabyggð á tímabilinu.

Ný stjórn var kosin á aðalfundi SSA 8. september 2018:

Fyrir Fljótshérað, Fljótshrepp og Borgarfjarðarhrepp: Helgi Bragason (aðalmaður), Jón Ólafur Sigurðsson (til vara).

Fyrir Fjarðabyggð: Anna Margrét Birgisdóttir (aðalmaður), Magni Þór Harðarson (til vara).

Fyrir Djúpavogshrepp, Seyðisfjarðarkaupstað og Vopnafjarðarhrepp: Þorbjörg Sandholt (aðalmaður), Berglind Häsler og síðar Ingibjörg Bára Gunnlaugsdóttir (til vara).

Nýja stjórnin skipti með sér verkum á fyrsta fundi að loknum aðalfundi 14. desember:

Anna Margrét er formaður stjórnar, Þorbjörg varaformaður og Helgi meðstjórnandi.

Starfsfólk

Fastráðnir starfsmenn Héraðsskjalasafnsins á árinu 2018 voru þrír. Bára Stefánsdóttir forstöðumaður í 100% starfi, Magnhildur Björnsdóttir skjalavörður í 100% starfi og Jóhanna Ingibjörg Sveinsdóttir í 50% starfi við skönnun og skráningu ljósmynda. Samtals 2,5 stöðugildi. Rannveig Lóa Haraldsdóttir var í 50% sumarstarfi í þrjá og hálfan mánuð.

Húsnæði

Héraðsskjalasafn Austfirðinga er staðsett í Safnahúsinu á Egilsstöðum en það hýsir einnig Bókasafn Héraðsbúa og Minjasafn Austurlands. Núverandi húseigandi er Fljótsdalshérað en 26,3% eignarhlutur Héraðsskjalasafns í fasteigninni var seldur til sveitarfélagsins í árslok 2013. Hluti af samningnum var ákvæði þess efnis að Fljótsdalshérað setji 30 millj. kr. í viðhald og endurbætur á fasteigninni á árunum 2014 og 2015.

Í desember 2015 gaf stjórn Héraðsskjalasafnsins Fljótsdalshéraði frest til ársloka 2017 til að ljúka framkvæmdum skv. fyrrnefndu ákvæði vegna þess að sveitarfélagið var í samningaviðræðum við mennta- og menningarmálaráðuneyti um menningarhús. Ætlunin var að reisa nýja burst við Safnahúsið, líkt og gert var ráð fyrir gert í upprunalegum teikningum. Einnig átti að ráðast í endurbætur á Sláturhúsi þar sem Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs er til húsa.

Þann 22. maí 2018 undirrituðu Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Björn Ingimarsson bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs samkomulag sem felur í sér stofnframlag til byggingar menningarhúss á Egilsstöðum. Við það tækifæri sagði ráðherra að framlagið sé í 5 ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Tímaramminn sem Fljótsdalshérað gaf sér í verkið var árin 2019-2022 en framkvæmdir við Safnahúsið eru ekki hafnar þegar þetta er ritað.

Mikilvægt er að ekki dragist lengur að hefjast handa í Safnahúsinu enda er núverandi húsnæði orðið of lítið og þar vantar ýmis rými sem eðlilegt þykir að hafa á vinnustöðum. Svo sem fundarherbergi og kaffistofu með rennandi vatni (kaffiástaða er í opnu rými í anddyri á neðstu hæð án vasks). Einnig vantar forvörsluherbergi sem hægt væri að nýta með Minjasafni þar sem starfsfólk gæti verið í hlífðarfátnaði og með sérstakan lotræstan stíkskáp við að hreinsa skjöl og gripi. Skjöl sem berast á Héraðsskjalasafnið eru stundum í slæmu ástandi (jafnvel með skordýrum og myglu) og hefur starfsfólk þurft að hreinsa þau í daglegu skrifstofurými sínu eða í anddyri þar sem starfsfólkið hefur núverandi kaffiástöðu. Það er óviðunandi fyrir heilsu starfsfólks að þurfa að meðhöndla óhrein skjöl í hefðbundnu skrifstofurými.

Frá árinu 2011 hefur Héraðsskjalasafnið leigt 80 fm skjalageymslu við Fagradalsbraut. Húsnæðið er í eigu Véltækni hf. en var áður eign Arion banka.

Rekstur

Framlög aðildarsveitarfélaga til reksturs safnsins voru 26,9 millj. kr. á árinu 2018 og framlög vegna uppgjörs A deildar Brúar lífeyrissjóðs 1,1 millj. Önnur rekstrarframlög voru: 855 þús. kr. úr ríkissjóði og framlög Minjasafns Austurlands og SSA til Ljósmyndasafns Austurlands 1,5 millj. Styrkir og aðrar tekjur voru 4,4 millj.

Rekstrartekjur ársins 2018 námu samtals 34,5 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 31,1 millj. Tekjur ársins voru því 3,4 millj. yfir áætlun. Mismunurinn liggur aðallega í verkefnastyrkjum en sá hæsti var 2,2 millj. frá ríkinu vegna skönnunar á gömlum hreppsþókum.

Rekstrargjöld ársins 2018 námu 40,4 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 37 millj. Gjöldin voru því 3,4 millj. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Laun og launatengd gjöld voru 20,3 millj. Framlög til bókasafns Halldórs og Önnu Guðnýjar, Ljósmyndasafns Austurlands og skjalasafnsins í Neskaupstað voru alls 6 millj. Annar rekstrarkostnaður var 12,8 millj. en áætlun hljóðaði upp á 9,8 millj. Mismunurinn liggur mest í aðkeyptri vinnu vegna verkefnastyrkja.

Niðurstaða rekstrarreiknings Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs. fyrir árið 2018 er því tap að fjárhæð 5,8 millj. sem er sama upphæð og áætlun gerði ráð fyrir. Bókfærð húsaleiga í Safnahúsi var 5,8 millj. Ekki varð tap af öðrum rekstri nema sem nemur rúmlega 22 þús. kr.

Handbært fé var 2,4 millj. kr. í ársbyrjun en 1,8 millj. í árslok og lækkaði því um 0,6 millj. kr. milli árana 2017 og 2018.

Nánari upplýsingar um rekstur Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs. eru í ársreikningi.

Móttaka skjala, gesta og erinda

Formlegur opnunartími var óbreyttur frá fyrra ári: mánudaga til fimmtudaga kl. 12-16.

Afhent skjöl

Skjalaafhendingar til safnsins á árinu 2018 voru 65 en misjafnlega stórar. Allt frá einu skjali eða ljósmynd upp í marga skjalakassa eða full myndalbúm. Af þeim voru 39 afhendingar með pappírssköllum, 11 ljósmyndaafhendingar, 7 afhendingar til bókasafns, 7 afhendingar með blönduðu efni og 1 afhending með hljóðupptökum.

Um var að ræða 40 afhendingar frá einstaklingum, 11 afhendingar frá skilaskyldum sveitarfélögum og stofnunum, 6 afhendingar frá söfnum, 4 afhendingar frá félögum eða samtökum og 4 afhendingar frá fyrirtækjum. Í langflestum tilvikum kom það í hlut starfsmanna safnsins að ganga frá skjölum í viðurkenndar umbúðir og skrá efnið.

Stærsta afhendingin kom frá Eiðahreppi og var afhent af síðasta oddvita hans.

Á árinu 2018 var lokið við að skrá skjöl sem komu frá Bókasafni Seyðisfjarðar 2017. Voru það meðal annars gjörðabækur ýmissa samtaka og því merkileg heimild um félagsstarf í firðinum. Sveitarfélagið greiddi fyrir skráninguna skv. sérstökum samningi.

Ekki hefur náðst að skrá nema um helming afhendinga sem bárust til safnsins á árinu. Einnig eru nokkrar eldri afhendingar ófrágengnar. Mun sá hali lengjast eftir því sem fleiri afhendingar berast þar sem núverandi starfsmannafjöldi dugar ekki til að skrá allt sem er afhent til safnsins.

Gestir og fyrirspurnir

Á árinu 2018 leituðu 1150 aðilar til skjalasafnsins. Skiptust þeir þannig:

<i>Gestir og fyrirspurnir/erindi 2018</i>	<i>fjöldi</i>	<i>fyrri ár</i>
Einstaklingar/skólanemar	806	818
Opinberar stofnanir	293	292
Fyrirtæki	38	58
Félagasamtök	13	37
samtals:	1150	1205

Þar af komu 682 á safnið sjálft, önnur erindi bárust gegnum síma eða með pósti.

Hver safngestur/viðskiptavinur fékk úrlausn á ýmsum málum (sumir fleiri en einu). Flestir sem höfðu samband komu af Austurlandi eða 860 aðilar:

<i>Tegundir fyrirspurna/erinda 2018</i>	<i>fjöldi</i>	<i>fyrri ár</i>	<i>Heimili/ aðsetur gesta/ fyrirspyrjenda 2018</i>	<i>fjöldi</i>	<i>fyrri ár</i>
Bókasafn	244	226	Austurland	860	870
Ljósmyndir	219	261	Höfuðborgarsvæðið	167	164
Leit að skjölum	213	223	Erlendis	22	30
Lestrarsalur	187	177	Suðurland & Reykjanes	22	29
Almennt, viðburðir, safnkynningar	160	360	Norðurland	21	24
Móttaka skjala og ljósmynda	80	92	Vesturland & Vestfirðir	10	11
Ráðgjöf um skjalamál	80	54	Óþekkt aðsetur	8	20
Ljósritun/prentun/skönnun	47	78			
Manntöl og kirkjubækur	47	35			
Kvikmynda- og hljóðefni	12	7			
samtals:	1289	1513			

Ráðgjöf og eftirlit með skjalamálum

Í lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 er kveðið á um að héraðsskjalasöfn skuli hafa eftirlit með afhendingarskyldum aðilum á starfssvæði sínu. Söfnin eiga einnig að taka við og heimta inn skjöl sem eru orðin 30 ára, þ.e. skjöl sem hafa þýðingu fyrir stjórnýslu, geyma upplýsingar um hagsmunir og réttindi borgaranna eða hafa sögulegt gildi. Skilaskyldir til Héraðsskjalasafns Austfirðinga eru sveitarfélögin sjö á Austurlandi sem eru aðilar að byggðasamlaginu og allar stofnanir á þeirra vegum, svo sem önnur byggðasamlög, skólar og hlutafélög í þeirra eigu.

Héraðsskjalasafnið er því ekki aðeins geymsla fyrir gömul skjöl heldur stjórnýslustofnun sem sveitarfélög og einstaklingar geta haft samband við til að sanna mál sitt, jafnvel fyrir dómstólum. Til okkar er leitað þegar til dæmis þarf að finna gamla samninga, bókanir í fundargerðum, rekja sögu mála, skoða barnaverndarmál eða fá afrit af greiningargögnum úr grunnskóla. Á starfsfólki Héraðsskjalasafnsins hvílir þagnarskylda í samræmi við viðeigandi lög.

Í fyrrnefndum lögum kemur fram að opinberar stofnanir þurfi að haga skjalastjórn, skrá mál og varðveita málgögn í samræmi við lög og reglur sem á þeim byggja. Á árinu 2018 leituðu ýmsir skilaskyldir aðilar ráða um varðveislu, grísjun, skráningu og afhendingu skjala. Héraðsskjalavörður hefur sett saman leiðbeiningar þar sem vísað er til helstu laga og reglna um skjalamál.

Í kjölfar nýrra laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 hefur orðið vakning meðal sveitarfélaga og stofnana um að haga skjalastjórnun en frekar í samræmi við lög og reglur. Meðal annars hafa skólastjórar og persónuverndarfulltrúar sveitarfélaga leitað til héraðsskjalavardar eftir ráðleggingum um vörslu, öryggi og aðgengi að trúnaðarskjölum.

Hingað til hefur Héraðsskjalasafnið ekki tekið skjölum fyrr en þau eru orðin 30 ára nema í undantekningartilvikum svo sem vegna sameiningar sveitarfélaga eða ef skólar hætta starfsemi. Skólastjórnendur hafa óskað eftir að afhenda allt að 10 gömul skjöl til safnsins. Meðal annars vegna plássleysis eða vegna þess að ekki eru til læstar hirslur í skólunum til að varðveita persónuupplýsingar um starfsfólk og nemendur á öruggan hátt. Ekki hefur verið orðið við þeirri beiðni. Ástæðan er sú að líta má á þessi gögn sem virk skjöl eða skjöl sem skólastjórnendur þurfa að hafa aðgang að í sínu daglega starfi. Því er æskilegt að skjölin séu varðveitt hjá viðkomandi stofnun í allt að 30 ár og að yfirmaður hennar beri ábyrgð á skjölunum og aðgengi að þeim í samræmi við viðeigandi lög, svo sem stjórnýslulög, upplýsingalög eða lög um grunnskóla.

Þegar skjöl hafa verið afhent Héraðsskjalasafni til varðveislu flyst ábyrgð á vörslu skjalanna yfir til héraðsskjalavardar í samræmi við 22. gr. laga um opinber skjalasöfn. Um aðgengi að skjölum sem eru orðin eldri en 30 ára fer eftir 15. gr. sömu laga. Með því að flytja yngri skjöl til héraðsskjalasafns er því verið færa ábyrgðina frá ædsta yfirmanni viðkomandi sveitarfélags, stofnunar eða skóla yfir á héraðsskjalavörð.

Opinbert eftirlit með héraðsskjalasöfnum

Í mars 2017 sendi Þjóðskjalasafn Íslands rafræna eftirlitskönnun til héraðsskjalasafna. Þar var óskað eftir ýmsum upplýsingum um starfsemi safnsins. Svörin voru send 21. apríl ásamt viðeigandi fylgiskjölum. Skýrsla byggð á svörum við könnuninni kom út hjá Þjóðskjalasafni í desember 2018 ásamt beiðni um að rekstraraðilar safnsins sendi tímasetta áætlun um hvernig staðið verði að úrbótum á þeim þáttum sem mættu betur fara í starfsemi safnsins. Stjórn fól héraðsskjalaverði að gera áætlunina og er hún í vinnslu. Æskilegt er hún verði lögð fyrir aðildarsveitarfélög safnsins á næsta ári 2020 í samhengi við fjárhagsáætlun fyrir árið 2021. Enda verður ekki hægt að bregðast við öllum ábendingum Þjóðskjalasafns nema sveitarfélögin auki fjárframlög til Héraðsskjalasafnsins.

Ráðstefnur og fundir

Árlegur fundur opinberra skjalasafna fyrir héraðsskjalaverði og stjórnendur hjá Þjóðskjalasafni Íslands var haldinn í Reykjavík dagana 12.-13. apríl. Á dagskrá voru meðal annars erindi um ráðgjöf til skjalamyndara, skráningu pappírsskjala, rafræna langtímavarðveislu skjala og verkefnastyrki af fjárlögum sem héraðsskjalasöfnin geta sótt um til Þjóðskjalasafns.

Magnhildur fór á vörfund Þjóðminjasafns Íslands í Reykjavík 24. apríl þar sem ljósmyndir og ljósmyndasöfn voru helstu umfjöllunarefni.

Bára sat haustfund bókasafna á Austurlandi sem var 28. september. Meðal efnis var kynning frá Landskerfi bókasafna sem rekur og þjónustar bókasafnskerfið Gegni. Þar er verið að undirbúa kaup á nýju bókasafnskerfi sem ætlunin er að taka í notkun á síðari hluta ársins 2020 eða árið 2021. Það mun ekki hafa kostnað í för með sér fyrir bókasöfnin þar sem Landskerfið hefur safnað í sjóð fyrir kaupunum. Þó er líklegt að starfsfólk þurfi að fara á námskeið til að læra á nýja kerfið. Fundurinn var á vegum félagsins Austfirsk upplýsing. Ingibjörg er gjaldkeri félagsins.

Ráðstefna Félags héraðsskjalavarda fyrir starfsfólk skjalasafna var haldin hjá Héraðsskjalasafni Skagfirðinga á Sauðárkróki 4.-5. október. Ýmis fróðleg erindi voru flutt á ráðstefnunni sem Bára, Ingibjörg og Magnhildur tóku þátt í. Meðal annars var fjallað um varðveislu ljósmynda, höfundarétt og persónuvernd. Bára kynnti drög að vinnsluskrá vegna persónuverndar, skjalavistunaráætlun og málaskrá fyrir Héraðsskjalafn Austfirðinga. Einnig var aðalfundur félagsins á dagskrá.

Bára sat kynningarfund Persónuverndar um nýja löggjöf um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Fundurinn var haldinn á Egilsstöðum 5. nóvember.



Þátttakendur á ráðstefnu skjalavarda á Sauðárkróki. Mynd frá Héraðsskjalasafninu á Akureyri.

Sýningar, kynningar- og útgáfustarf

Héraðsskjalasafnið stóð fyrir ýmsum viðburðum á árinu. Skjalasafnið hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa fyrir sjálfstæðum sýningum en leitast er við að sækja um styrki til að láta slíkar hugmyndir verða að veruleika og þá gjarnan í samvinnu við hin söfnin í Safnahúsinu.

Sýningar

Fjölmenni mætti við opnun tveggja sumarsýninga í Safnahúsinu á Þjóðhátíðardaginn 17. júní.

Austfirskt fullveldi – Sjálfbært fullveldi?

Á samsýningu í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands var dregin upp mynd af lífi barna árin 1918 og 2018 og líf þeirra og nánasta umhverfi spegluð við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Sýningin skiptist í fjóra hluta sem voru settir upp á Skriðuklaustri í Fljótsdal, Tækniminjasafninu á Seyðisfirði, í Randulfssjóhúsi á Eskifirði og í Safnahúsinu á Egilsstöðum.

Í tengslum við verkefnið var opnuð vefsíða: www.austfirsktfullveldi.is. Að verkefninu stóðu Austurbrú, Safnastofnun Fjarðabyggðar, Tækniminjasafn Austurlands, Mínjasafn Austurlands, Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Gunnarsstofnun, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Skólaskrifstofa Austurlands og Landgræðsla ríkisins. Verkefnið fékk styrk frá afmælisnefnd aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands, Uppbyggingarsjóði Austurlands og Alcoa.

Nr. 2 Umhverfing

Að sýningunni stóð félagsskapur fjögurra myndlistakvenna sem nefnist Akadémía skynjunarinnar. Hugmyndin að baki verkefninu er að setja upp myndlistarsýningar í óhefðbundnum rýmum þar sem ekki er hefð fyrir nútíma myndlistarsýningum. Eftirtaldir listamenn sýndu verk í Safnahúsinu: Bjargey Ólafsdóttir, Borghildur Óskarsdóttir, Jóna Hlíf Halldórsdóttir, Kristín María Ingimarsdóttir, Ólöf Nordal, Steinunn Björg Helgadóttir, Yst Ingunn St. Svavarsdóttir, Þórdís Alda Sigurðardóttir og Þórunn Eymundardóttir. Verk eftir aðra listamenn voru í hjúkrunarheimilinu Dyngju og í Sláturhúsi menningarmiðstöð. Sýningin var styrkt af Uppbyggingarsjóði Austurlands, Fljótsdalshéraði og Listasjóði Dungal.

Kona á skjön

Að frumkvæði Bókasafns Héraðsbúa var farandsýning um ævi, verk og störf rithöfundarins Guðrúnar frá Lundi sett upp á Bókasafninu og í sameiginlegu rými í Safnahúsinu. Um 30 mættu á sýningaropnun og kaffikviss um Guðrúnu sunnudaginn 23. september.

Ættir Austfirðinga

Menningarsjóður prófastshjónanna frá Hofi, séra Einars Jónssonar og frú Kristínar Jakobsdóttur, var lagður niður á árinu en hann var í vörslu Menntaskólans á Egilsstöðum. Uppruna sjóðsins má rekja til gjafabréfs frá Benedikt Gíslasyni frá Hofteigi sem ánafnaði Eiðaskóla óseldar prentaðar birgðir af Ættum Austfirðinga og fé sem til kæmi fyrir áframhaldandi sölu á bókunum. Stjórn sjóðsins ákvað 2018 að nýta fjármagn sem eftir var í sjóðnum til að koma ritinu á vef og láta afganginn renna í skólasjóð ME. Fyrir nokkrum árum var texti bókanna skannaður og vann Guðgeir heitinn Ingvarsson að því að leiðrétta texta þar sem séríslenskir stafir komu ekki rétt út. Á þessu ári var 9. bindið skannað en það innihélt nafnaskrá. Hulda Sigurdís bókavörður við ME bar skannaða textann saman við prentuðu bókana og færði inn leiðréttingar. Edda Langworth setti efnið upp á vefinn aettiraustfirðinga.is. Héraðsskjalavörður var þeim innan handar og gaf ráð ef með þurfti. Óseldar bækur eru í geymslu hjá Héraðsskjalasafni en það eru ekki til heil sett.

Safnkynningar og heimsóknir á önnur söfn

Ýmsir skólahópar komu til að kynna sér Héraðsskjalasafnið í fylgd kennara eða til að leita heimilda fyrir verkefni. Voru það bæði menntaskóla- og grunnskólanemendur.

Starfsfólk safnahússins fór í menningarferð til Fjarðabyggðar þann 2. nóvember. Fyrst var farið í heimsókn á Skjala- og myndasafn Norðfjarðar þar sem Guðmundur Sveinsson tók vel á móti okkur. Við skoðuðum skjalasafnið og geymslur þess en einnig söfnin sem eru staðsett í Safnahúsinu í Neskaupstað. Má þar nefnda náttúrugripasafnið. Þar var einnig tímabundin ljósmyndasýning með myndum eftir Björn Björnsson. Á Eskifirði fórum við í Sjóminjasafnið og síðan í Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði.



Ingibjörg, Guðmundur og Magnhildur.

Áramótakort og bókavaka

Héraðsskjalasafnið hefur gefið út jóla- eða áramótakort nær óslitið frá árinu 1978. Kortin eru send til velunnara safnsins, þeirra sem afhenda skjöl á Héraðsskjalasafnið á árinu og til héraðsskjalasafna um land allt.

Kort ársins 2018 var helgað Eiríki Eiríkssyni frá Dagverðargerði. Sumarið 1975 ferðaðist hann um Austurland og skráði hjá sér gögn sem hann fékk vitneskju um og yrðu síðar hugsanlega varðveitt hjá Skjalasafni Austurlands sem þá var í undirbúningi og var svo formlega stofnað 17. apríl 1976. Eiríkur var síðar bókavörður og skjalavörður hjá Alþingi.

Um tuttugu gestir mættu á árlega bókavöku sem var haldin í Safnahúsinu þann 3. desember í góðri samvinnu Héraðsskjalasafns, Bókasafns Héraðsbúa og Minjasafns Austurlands. Að venju var áherslan á austfirsku útgáfu og bækur eftir höfundum sem búsettir eru í fjórðungnum.



Ljósmyndasafn Austurlands

Ljósmyndasafn Austurlands er sérstök deild innan Héraðsskjalasafns Austfirðinga og rekið með framlagi frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Minjasafni Austurlands og Héraðsskjalasafninu. Myndasöfn Ljósmyndasafnsins spanna allt frá mannmyndum teknum fyrir aldamótin 1900 til fréttá- og íþróttamynda frá síðari helmingi 20. aldar. Enn berast gamlar myndir til safnsins, svo sem úr dánarbúum. Ýmsir aðilar, bæði einstaklingar og safnafólk, hafa aðstoðað okkur við að bera kennsl á einstaklinga og staði á ljósmyndum. Óþekktar myndir hafa sem fyrr verið birtar í *Austurglugganum* og oft fást upplýsingar um nöfn með því móti. Einnig erum við með sérstakt svæði fyrir óþekktar myndir á ljósmyndavef safnsins.

Ljósmyndavefur

Ljósmyndavefur á slóðinni myndir.heraust.is var opnaður árið 2014. Á vefnum voru þá um 55 þúsund myndir. Í lok árs 2018 var fjöldi mynda á vefnum kominn í um 65 þúsund og auk þess um 2000 óþekktar myndir. Í skýrslu fyrir árið 2017 kom fram að um 70 þúsund myndir væru á vefnum en á síðasta ári var unnið að því að taka út tvítök svo myndum á vefnum hefur fækkað. Búið er að skanna mun fleiri myndir sem eru nú í skráningu eða bíða skráningar og verða þær ekki birtar fyrr en skráningu hvernar afhendingar er lokið. Sumar myndinna verða þó ekki birtar á ljósmyndavefnum, m.a. vegna óvissu um höfundarétt.

Ekki er hægt að slá föstu hversu margar myndir eru til hjá Ljósmyndasafninu þar sem hluti safnsins er ekki fullskráður. Hver afhending er sett í aðfangaskrá en ekki er búið að skrá hverja einustu mynd. Sífelld bætist við safnið, bæði ljósmyndir eða kópíur á pappír, filmur, skyggjur og myndir á stafrænu formi. Myndum á ljósmyndavefnum á eftir að fjölga eftir því sem fjármagn fæst til frekari skönnunar og skráningar.

Fljótsdalshérað styrkti verkefnið myndarlega eins og undanfarin ár og Fljótsdalshreppur veitti styrk uppí kaup á nýjum skanna sem ræður við stærri myndflöt. Einnig hefur starfsfólk Minjasafns aðstoðað við að taka ljósmyndir af myndum í römmum. Ljósmyndavefurinn hefur vakið athygli og skapað nokkra tekjumöguleika við sölu á myndum til útgáfu í bókum og tímaritum eða öðrum miðlum.

Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar

Árið 2018 bættust 182 titlar við bókasafnið. Um er að ræða bækur sem keyptar voru af rekstrarfé safnsins (framlög skv. stofnsamningi Héraðsskjalasafns) en einnig berast safninu ýmsar bókagjafir. Aðfangalista má sjá á vefsíðu safnsins og hægt er að leita í bókakostinum á vefnum leitir.is. Heildarfjöldi eintaka í lok árs 2018 var um 16.600 en nokkuð er um tvítök. Titlar eru um 5.250 og eru margir þeirra nokkurra binda verk. Bókasafninu tilheyrir einnig veglegt safn tímarita, þau eldri mörg innbundin, alls um 500 titlar. Enn bætist við tímaritasafnið því um 40 titlar eru í áskrift.

Á árinu voru 116 bækur lánaðar út úr safninu. Meirihluti safnkostsins er hins vegar ekki til útláns heldur til afnota á lestrarsal. Auk þess nýtist bókakosturinn starfsfólki Héraðsskjalasafnsins afar vel í daglegum störfum, t.d. við skráningu skjala og ljósmynda en ekki síður við sýningargerð og til að geta svarað fyrirspurnum sem berast.

Héraðsskjalasafnið hefur markað sér þá stefnu að einkorða innkaup við fræðilegt efni, einkum á sviðum sagnfræði, félagssögu og ættfræði. Einnig er reynt að kaupa allar bækur sem fjalla um Austurland og bækur sem eru eftir Austfirðinga. Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar hefur því á undanförunum árum verið byggt upp sem rannsóknarbókasafn með sérhæfðari bóka- og tímaritakost en hjá almenningsbókasöfnum. Gott samstarf er við önnur bókasöfn á svæðinu og þegar óskir berast þar um eru bækur frá Héraðsskjalasafninu settar í millisafnalán og gagnast þær því fólki um allt Austurland.

Á árunum 2017 og 2018 fengum við afhent heilmikið af smáritum og gömlum bókum frá Bókasafni Seyðisfjarðar vegna flutninga þess í húsnæði grunnskólans. Þar með voru einnig aðfangabækur og ýmis skjöl frá Bókasafni Austuramtsins eins og safnið hét áður fyrr. Með afhendingunni fylgdi fjármagn sem var notað til að skrá gögnin.

Árið 2016 voru skráningarfærslur fyrir bækur sem eru eign Gunnarsstofnunar og staðsettar á Skriðuklaustri færðar frá Austurbrú í bókasafnskerfinu Gegni og undir Héraðsskjalasafn Austfirðinga. Titlar þar eru 411 og eintök 548 og eru þau ekki talin með eintökum hjá Bókasafni Halldórs og Önnu Guðnýjar.

Sérverkefni

Á árinu 2018 fékkst áframhaldandi styrkur úr ríkissjóði til mynda gömul skjöl og miðla á vef.

Skönnun hrepps bóka

Á fyrri hluta ársins auglýsti Þjóðskjalasafn Íslands úthlutun verkefnastyrkja skv. fjárlögum 2018. Til úthlutunar voru 16,2 millj. kr. til skönnunar- og miðlunarverkefna. Héraðsskjalasafnið í samvinnu við Skjala- og myndasafn Norðfjarðar fékk 2 millj. kr. í styrk til að skanna elstu hrepps bækur af Austurlandi. Var því haldið áfram með verkefni sem hófst árið 2016.

Árið 2018 voru afritaðar gjörða- og hrepps bækur frá eftirtöldum fjórum hreppum: Fellahreppur, Geithellnahreppur, Hlíðarhreppur og Vallahreppur. Samtals eru það um 14.600 ljósmyndir. Mikill meirihluti skjalanna er í geymslu hér á Egilsstöðum en þar sem Skjalasafnið í Neskaupstað á bókaskanna voru skjalaöskjur lánaðar þangað og verkið unnið af starfsmanni sem var fenginn í það verkefni sérstaklega.

Verkefnið fellur vel að 18. grein laga um opinber skjalasöfn en þar segir meðal annars: „Mikilvægustu skjöl safnanna skulu vera til á filmum, í rafrænu afriti eða á öðrum vörslumiðli og eintak afritanna varðveitt á öruggum stað utan höfuðstöðva þeirra.“ Í 20 grein segir enn fremur: „Opinber skjalasöfn skulu vinna að því að gera mikilvæg skjöl aðgengileg almenningi, svo sem á vef sínum eða með öðrum hætti“.

Þrjú héraðsskjalasöfn hafa unnið að hönnun vefútlits sem hentar til birtingar á skönnuðum skjölum. Héraðsskjalasafn Austfirðinga hóf þátttöku í því samstarfi á árinu 2017. Tilrauna- aðgangur að hrepps bókavefnum var settur upp vorið 2018 og síðar á því ári var fleiri skjalabókum bætt á vefinn. Héraðsskjalasafnið dró sig úr samstarfinu vegna kostnaðar. Við erum nú þegar að greiða árgjald fyrir myndaskráningarkerfið FotoStation og vefbirtingarkerfi sem heitir FotoWeb. Var því brugðið á það ráð að bæta hrepps bókamyndunum við á ljósmyndavefnum undir nýjum flokki sem heitir Skjalabækur. Aðeins eru birt opinber skjöl sem eru orðin 80 ára eða eldri.

Á skjalavefnum voru í lok árs 2018 komnar inn um 50 skjalabækur eða skjalabögglar. Eru það myndir af bókum frá eftirtöldum níu hreppum: Breiðdalshreppur, Búðahreppur, Eiðahreppur, Fljótsdalshreppur, Hjaltastaðarhreppur, Jökuldalshreppur, Norðfjarðarhreppur, Skriðdalshreppur og Stöðvarhreppur. Fleiri hreppar munu bætast á vefinn eftir því sem skönnun og skráningu vindur fram.

Skrá yfir afhendingar á árinu 2018

Ár	Nr	Afhendingaraðili	Heiti safns - Skjalamyndari	Innihald
2018	1	Bókasafn Seyðisfjarðar / Sólveig Sigurðardóttir	Bókasafn Seyðisfjarðar	Bækur (3 kassar) frá Bókasafni Austurlands / Bókasafni Austuramtsins Seyðisfirði.
2018	2	Susan Ellendersen	Lionsklúbburinn Lind Egilsstöðum	Gögn frá klúbbum: Fundargerðabók, gestabók, borðfánar og fleira.
2018	3	Ásdís Jóhannsdóttir	Eðvald Jóhannsson og Vilborg Vilhjálmsdóttir	Nafnspjöld frá fyrirtækjum á Austurlandi, matseðill hátíðarkvöldverðar fyrir Margréti Danadrottingu o.fl. í Hótel Valaskjálfi 1986.
2018	4	Jóhann Kristinn Stefánsson	Anna Júlíana Carlsdóttir Stöðvarfirði	Myndasafn: Gamlar ljósmyndir og svarthvítar myndir af ýmsum stærðum.
2018	5	Gunnar S. Kristjánsson	Pálína Waage og Þorbjörn Arnoddsson Seyðisfirði	Verslunargögn og bókhaldsgögn m.a. frá bílaleigunni Baldri sem Þorbjörn faðir Pálínu rak, nótnabækur, uppskriftabækur o.fl. úr búi Pálínu Waage.
2018	6	Guðmundur Karl Sigurðsson	Búnaðarfélag Hjaltastaðahrepps	Félagsgögn: Bréf, skýrslur og bókhaldsgögn.
2018	7	Bókasafn Seyðisfjarðar / Sólveig Sigurðardóttir	Bókasafn Seyðisfjarðar	Bækur (3 kassar) frá Bókasafni Austurlands / Bókasafni Austuramtsins Seyðisfirði.
2018	8	Bókasafn Seyðisfjarðar / Sólveig Sigurðardóttir	Bókasafn Seyðisfjarðar	Bækur (2 kassar) frá Bókasafni Austurlands / Bókasafni Austuramtsins Seyðisfirði.
2018	9	Guðrún Rúnarsdóttir	Bókasafn Reyðarfjarðar	Tímarit Þjóðræknisfélags Íslendinga 1921-1926. Gefið út í Winnipeg, Kanada.
2018	10	Fljótsdalshérað / Stefán Bragason	Fljótsdalshérað	Gjörðabækur: Bæjarstjórn, bæjarráð, byggingafulltrúi, nefndir og sjóðir.
2018	11	Sigrún Benediktsdóttir	Sigrún Benediktsdóttir	Brúðkaupsmynd: Jón Jörgensson Kjerúlf og Þorbjörg J. Metúsalemsdóttir Kjerúlf Brekkugerðishúsum Fljótsdal.
2018	12	Bókasafn Seyðisfjarðar / Sólveig Sigurðardóttir	Bókasafn Seyðisfjarðar	Bækur (3 kassar) frá Bókasafni Austurlands / Bókasafni Austuramtsins Seyðisfirði.
2018	13	Ólafía Herborg Jóhannsdóttir	Bjarney Guðrún Jónsdóttir Vífilsstöðum	Úrklippubók í stóru broti, mest frá árunum 1980 - 1990.
2018	14	Signý Ormarsdóttir	Meningarráð Austurlands	Umsóknir til Menningaráðs Austurlands, 4 öskjur.
2018	15	Helga Garðarsdóttir og Sigurgeir Garðarsson	Magnea Björg Sveinsdóttir	Myndaalbúm og stakar myndir. Gamlar myndir, vistkort og kabinetkort.

2018	16	Eiríkur, Árni, Tómas Þór og Gunnar Guðni Tómassynir	Tómas Árnason lögfræðingur	Ævisaga Tómasar Árnasonar lögfræðings, alþingismanns, ráðherra og seðlabankastjóra yfir tímabilið 1923-1993. Vélritað handrit innbundið.
2018	17	Jón Benedikt Guðlaugsson	Jón Benedikt Guðlaugsson	Í fótspor Inga Lár, útvarpsþættir um tónskáldið 2002. Umsjón Jón B. Guðlaugsson. 7 þættir cd.
2018	18	Þórunnborg Jónsdóttir	Búnaðarfélag Álftfirðinga	Fundargerðabók 6.4. 1945 - 24.6. 1981 og ársreikningar 1958 - 1971.
2018	19	Margrét Brynjólfsson	Brynjólfur Bergsteinsson Hafrafelli	Gögn úr búi Brynjólfs og Sigrúnar Jónsdóttur m.a. um fjárskipti, gangnaseðlar, samningar, bréf og póstkortasafn.
2018	20	Guðmundur Sveinsson	Skjala- og myndasafn Norðfjarðar	Bæklingar, fréttabréf og fleira frá prentsmiðjunni Nesprenti í Neskaupstað.
2018	21	Sigrún Klara Hannesdóttir	Sigrún Klara Hannesdóttir	Fjölskyldumyndir og skólaspöld. Reikningabók Búnaðarfélags Seyðisfjarðar 1927 - 1945.
2018	22	Jón Benedikt Guðlaugsson	Eiríkur Eiríksson frá Dagverðargerði	Athugasemdir Eiríks við greinar um Pál Ólafsson skáld.
2018	23	Björn Árdal og Guðný Árdal	Sigurður Baldvinsson / Baldvin Ingi Starkaður Árdal	Ættartal, móðurætt Sigurðar Baldvinssonar frá Stakkahlíð, handritað 1917 og 1942. Stór mynd í ramma af fólki og hestum fyrir utan húsið í Stakkahlíð 1912.
2018	24	Grunnskóli Borgarfjarðar / María Ásmundsdóttir	Grunnskóli Borgarfjarðar eystra	Nemendamöppur 1970 - 2012, stakar fundargerðir, bréf o.fl. 1948 - 1966. Stundatöflur, skóladagatöl, foreldrasamstarf, nemendalistar o.fl. 1986 - 2012. Lósmyndir.
2018	25	Hjörleifur Guttormsson	Hjörleifur Guttormsson	Árshátíð Stúdentafélags Austurlands Hallormsstað 25. og 26. júní 1966. Dagskrá.
2018	26	Egilsstaðaskóli	Egilsstaðaskóli	Lagarfljótsormurinn. Skólablað Egilsstaðaskóla 49. árg. 2018.
2018	27	Skólaskrifstofa Austurlands / Jarprúður Ólafsdóttir	Skólaskrifstofa Austurlands	Trúnaðargögn. 8 öskjur. Árgangur 2001 (fæðingarár) í grunnskólum á Austurlandi.
2018	28	Björgvin Geirsson	Geir Stefánsson Sleðbrjót Jökulsárhlið	Ættfræðihandrit eftir Jón Jónsson frá Nefbjarnarstöðum. Tilheyrir stílabókum sem Björgvin afhenti árið 2005.
2018	29	Ásta Steingerður Geirsdóttir	Sigríður Ingibjörg Eyjólfsdóttir	Myndasafn ýmsar gerðir. Ættartré Guðmundur Björnsson og Guðrún Jónsdóttir.
2018	30	Ólafur Valgeirsson	Kaupfélag Vopnfirðinga	Viðskiptamannabækur Kaupfélags Vopnfirðinga, bók fyrir árið 1928 og 1938.
2018	31	Helga Erla Erlendsdóttir	Magnús Þorsteinsson, Höfn Borgarfirði	Gjörðabækur frá Taflfélagi Borgarfjarðar, prentuð niðjatöl og gömul skjöl frá Borgarfirði og Breiðuvík. Kosningahandbækur 1956-1971 og glösubækur Posteins Magnússon.
2018	32	Pétur Elísson	Pétur Elísson	Fundargerðir og skjöl rekstrarnefnd ípróttahúss á Egilsstöðum 1989-1992. Prentað mál frá Félags ísl. línumanna. Málsgögn frá Árna Halldórssyni lögfr. vegna Lagarfossvirkjunar.

2018	33	Elísabet Sveinsdóttir	Elísabet Sveinsdóttir frá Borgarfirði	Ljósmyndir af ýmsum gerðum, flestar merktar. Nafnskírteini, bótaskírteini og viðskiptabók úr eigu Friðfinns Runólfssonar.
2018	34	Fljótsdalshérað / Stefán Bragason	Egilsstaðahreppur / Egilsstaðabær	Byggingarnefnd íþróttahúss á Egilsstöðum 1.11.1979 - 14.1.1984. Rekstrarnefnd íþróttahúss 16.1.1984 - 1.12.1994. Íþróttamannvirkjanefnd 8.9.1986 - 5.1.1993.
2018	35	Baldur Pálsson	Þórður Þórðarson, Gauksstöðum	Bréf, stjórnmalabæklingar og fréttabréf. Meðal annars málgagn sósíalista á Austurlandi, 1942.
2018	36	Halldór Sigurðsson	Eiðahreppur	7 kassar. Gjörðabók hreppsnefndar 12. des. 1980 - 11. des. 1991 og fylgiskjöl bókhalds.
2018	37	Baldur Hallgrímsson	Norður - Múlasýsla, yfirkjörstjórn	Gömul gögn frá yfirkjörstjórn N-Múlasýslu, fundust á prestssetrinu á Hofi í Vopnafirði, líklega frá formanni stjórnar Jakobi Einarssyni.
2018	38	Soffía Benjamínsdóttir	Soffía Benjamínsdóttir	Skýrsla um Heilsuhælið á Vífilsstöðum 1922. Fylgirit í skýrslu: Saga berklaveikinnar á Íslandi.
2018	39	Jón Valur Frostason	Frosti, Máni og Fjalarr Sigurjónssynir	Stórt málverk í ramma af sr. Sigurjóni Jónssyni á Kirkjubæ. Málað af Örlygi Sigurðssyni 1961.
2018	40	Lilja Hallgrímsdóttir	Lilja Hallgrímsdóttir	Svarthvít ljósmynd tekin á Hreiðarstöðum í Fellum um 1930. Nöfn fólks fylgja með.
2018	41	Hjálmar Jónsson	Hjálmar Jónsson lyfsali	Gögn um Egilsstaðaapótek og lyfjaeftirlit 1983 - 2000, leyfisbréf til að reka lyfjabúð
2018	42	Orri Hrafnkelsson	Skógræktarfélag Austurlands	Félagsgögn: Samningur um plöntuframleiðslu 1940, ársreikningar og starfsskýrslur 1986-1988, gestabók frá Blöndalsbúð 2001 - 2003.
2018	43	Lárus H. Sigurðsson	Sigurður Lárusson Gilsá	Veðurdagbækur 1964 - 1988. Daglegar hitamælingar á Gilsá í Breiðdal.
2018	44	Björn Ágústsson	Kaupfélag Héraðsbúa	Byggingarnefnd safnahúss á Egilsstöðum 1987-2007. Örnefnakort Egilsstaðir og nágr. útg. Rótaryklúbbur Héraðsbúa 1987. Örnefnakort Egilsstaðir 1947-1987 útg. Lionsklúbburinn Múli.
2018	45	Nytjamaður Rauða krossins	Halldór Sigurðsson, Miðhúsum	Uppskriftir á námsefni á Hvanneyri 1942 - 1944, 2 stílabækur.
2018	46	Máni Sigurjónsson	Sigurjón Jónsson prestur á Kirkjubæ	25 útfararræður eða líkræður handskrifaðar. Bréf frá Mána fylgir með.
2018	47	Þórhallur Eyjólfsson	Þórey Eyjólfsdóttir	Búskaparsaga. Ingibjörg Einarsdóttir og Eyjólfur Þórarinsson. Höf. Þórey Eyjólfsdóttir 2016.
2018	48	Þórhalla Þráinsdóttir	Fellahreppur / Sigmundur Þráinn Jónsson	Bréfabók fyrir hreppstjórnann í Fellahreppi 1947 - 1995. Úttektabók, virðingagjörðir, fasteignamat 1910 - 1969. Kjörbók við alþingiskosningar 1908 - 1980. Utankjörstaðakosning 1983 - 1999.
2018	49	Sigríður Sigmundsdóttir og Þórhalla Þráinsdóttir	Sigmundur Þráinn Jónsson og Ingveldur Anna Pálsdóttir	Kári, handskrifað félagsblað 1906. Dagbók frá búfræðinámi, búreikningar, ærbækur, bréf, ferðadagbækur, vísur, ljósmyndir o.fl. Sumt frá ættingjum.
2018	50	Minjasafn Austurlands	Ester Sveinsdóttir frá Kóreksstöðum	Tvö skólaspjöld frá Húsmæðraskólanum á Hallormsstað 1938-1940, í ramma.
2018	51	Vopnafjarðarhreppur / Þór Steinarsson	Vopnafjarðarhreppur	Virðingabækur Brunabótafélags Íslands 1933-1955 og fasteignamat 1979.

2018	52	Helgi Hallgrímsson	Sævar Sigbjarnarson frá Rauðholti	Nemendamót Eiðum 1993, bréf til bekkjar-systkina, skrá yfir nemendurog kennara, ljóð. Minningabók Hjalmar Vilhjálmsson 1953-1953.
2018	53	Sigurjón Jónasson	Flugfélagið Jökull ehf	Stofngögn Flugfélagsins Jökuls ehf, bókhaldsgögn og sala félagsins 2004.
2018	54	Ásdís Jóhannsdóttir	Jón Víðir Hallason, Sturluflöt, Fljótsdal	Útfararræða í Akureyrarkirkju: Svava Einarsdóttir (móðursystir Jóns). Bótaskírteini 1948-1949 Þórunn Einarsdóttir Víðivallagerði.
2018	55	Seyðfirðingur	Útvegsbankinn á Seyðisfirði	Tryggingabréf, leigusamningar, umboð, bréf, veðleyfi/vottorð, uppboð, sparibókæigendur, ársreikningur Fisksölufélags Seyðisfjarðar o.fl.
2018	56	Halldór Sigurðsson	Fjölskyldan Gagnstöð	Myndaalbúm með gömlum myndum, visitkort og kabinetkort, mest óþekkt.
2018	57	Ingigerður Benediksdóttir	Ingigerður Benediksdóttir frá Ásgarði	Þrjár litlar hópmyndir af Vallamönnum á ferðalagi. Nöfn flestra fylgja með.
2018	58	Máni Sigurjónsson	Sigurjón Jónsson prestur á Kirkjubæ	Heillaóskaskrá og upplýsingar um málverk sem Örlygur Sigurðsson málaði af sr. Sigurjóni í tilefni af 80 ára afmæli hans árið 1961.
2018	59	Sigrún Steinsdóttir	Birna Gunnhildur Friðriksdóttir, Reykjavík	Ljósmyndir, 2 visitkort, 3 svarthvítar myndir.
2018	60	Minjasafn Austurlands	Safnastofnun Austurlands - SAL	Fréttatilkynningar frá Safnastofnun o.fl.
2018	61	Jóna Sigurveig Ágústsdóttir	Ásgrímur Sigurðsson frá Brekku í Hróarstungu	Gömul póstkort, jólakort og fermingarkort send Ásgrími.
2018	62	Nytjamarkaður Rauða krossins	Una Guðrún Einarsdóttir frá Hámundarstöðum	Vorhugur, skógræktardagbók um ræktun Unu á Breiðdalsvík árin 1994 - 2000.
2018	63	Helga S. Snorradóttir	Margrét Helga Kristjánsdóttir	Ljósmyndir frá Alþýðuskólanum á Eiðum um 1950.
2018	64	Helga Stefánsdóttir og Jóhann Stefánsson	Brynhildur Stefánsdóttir frá Merki	Slidesmyndir Brynhildar Stefánsdóttur ljósmóður. Allt litmyndir og myndefni fjölbreytt.
2018	65	Helga Stefánsdóttir	Helga Stefánsdóttir frá Merki	Fæðingar- og skírnardagar 6 barna skv. kirkjubókum Hofsprestakalls 1893. Foreldrar: Benedikt Sigurðsson og Sólveig Marín Þórðardóttir

Stjórnarfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 26. febrúar 2018

Fundurinn var símafundur og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru: Ólafur Valgeirsson, Ragnhildur Rós Indriðadóttir, Björn Hafþór Guðmundsson og Bára Stefánsdóttir. Ólafur stjórnaði fundi og Bára ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fjárhagsstaða í lok árs 2017

Staðan um áramót er 5 millj. kr. tap af rekstri vegna bókfærðrar leigu í Safnahúsi. Eftir er að gjaldfæra uppgjör við Brú lífeyrissjóð sbr. næsti liður á dagskrá.

2. Uppgjör við Brú lífeyrissjóð

Fyrir fundinum liggur samningur milli Brúar lífeyrissjóðs og Héraðsskjalasafnsins vegna uppgjors á A-deild lífeyrissjóðsins og minnisblað frá KPMG um það mál. Í framhaldi af samkomulagi fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga þarf Héraðsskjalasafnið að greiða hærri framlög í lífeyrissjóðinn Brú. Frá 1. júní 2017 hefur 2 millj. kr. framlagi í lífeyrisaukasjóð verið mætt með 4,5% viðbótarframlagi á laun. Eftir stendur 1,1 millj. kr. krafa í jafnvægisjóð og 200 þús. kr. krafa í varúðarsjóð. Vegna dráttar á svörum frá Brú var ekki hægt að gera ráð fyrir þessum 1,3 millj. kr. greiðslum í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018.

Báru er falið að skrifa undir samkomulagið við Brú og ganga frá greiðslum svo ekki komi til dráttarvaxta. Stjórn samþykkir að óska eftir 1,3 millj. kr. framlagi frá aðildarsveitarfélögum safnsins vegna uppgjorsins.

3. Ný persónuverndarlög

Ný löggjöf um persónuvernd mun taka gildi í Evrópu 25. maí 2018. Löggjöfin mun hljóta meðferð á Alþingi áður en hún tekur að fullu gildi hér á landi. Starfsmenn héraðsskjalasafnsins hafa farið á námskeið til búa sig undir þessar breytingar og munu, eins og áður, vanda skráningu og meðferð trúnaðarskjala í vörslu safnsins. Persónuvernd, stofnun sem heyrir undir innanríkisráðherra, hefur eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga. Þarf héraðsskjalavörður að hafa tiltækar upplýsingar um vinnslu slíkra upplýsinga ef eftir því verður leitað.

4. Önnur mál

a. Viðbrögð við ábendingum aðalfundar 2017: Bent var á að kjörnir skoðunarmenn reikninga, aðal- og varamenn, væru karlmenn. Erla Egilsdóttir á Egilsstöðum og Helga Erlendsdóttir á Borgarfirði eystri hafa tekið jákvætt í að vera varamenn. Einnig var nefnt að sveitarfélög þurfi að skipta um löggiltan endurkoðanda eftir 7 ár. Það á ekki við um Héraðsskjalasafnið.

b. Aukaskjalageymsla Fagradalsbraut: Ólafur tekur að sér að tala við húseiganda um að ljúka uppsetningu á öryggiskerfi, skoða rakaskemmdir á gólfí og reikninga vegna brunaviðvörunarkefis.

c. Auglýsing Þjóðskjalasafns Íslands um styrki til skönnunar og miðlunar: Héraðsskjalasafnið hefur í samstarfi við Skjala- og myndasafn Norðfjarðar sótt um og fengið styrk árin 2016 og 2017 til að skanna gamlar hreppsþækur. Við munum sækja um styrk á þessu ári.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:35.

Ólafur B. Valgeirsson [sign.]

Ragnhildur Rós Indriðadóttir [sign.]

Björn Hafþór Guðmundsson [sign.]

Bára Stefánsdóttir [sign.]

Stjórnarfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 23. apríl 2018

Fundurinn var símafundur og hófst hann kl. 15:30.

Mætt voru: Ólafur Valgeirsson, Ragnhildur Rós Indriðadóttir, Björn Hafþór Guðmundsson og Bára Stefánsdóttir. Ólafur stjórnaði fundi og Bára ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Drög að ársreikningi 2017

Drög sýna 5,7 millj. kr. tap en áætlun gerði ráð fyrir 5,8 millj. kr. tapi (húsaleiga í Safnahúsi).

2. Drög að fjárhagsáætlun 2019

Áætlun gerir ráð fyrir 5,8 millj. kr. tapi. Rekstrartekjur verði 40,6 millj. og rekstrargjöld 46,4 millj.

Bætt verði við starfsmanni í 1 stöðugildi.

Stjórn samþykkir að leggja áætlunina fyrir aðildarsveitarfélög safnsins.

3. Drög að rekstrarframlögum 2019

Gert er ráð fyrir að framlög aðildarsveitarfélaga verði 34,9 millj. kr. Breiðdalshreppur mun sameinast Fjarðabyggð síðar á þessu ári. Sveitarfélög sem standa að safninu verða því 7 á árinu 2019. Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög.

4. Varðveisla gagna frá Norðfirði

Lagt fram bréf frá Fjarðabyggð þar sem óskað er eftir að gögn frá Neskaupstað, Norðfjarðarhreppi og Neshreppi sem eru geymd á Héraðsskjalasafni Austfirðinga verði afhent Skjala- og myndasafni Norðfjarðar svo þar verði til heildstætt safn norðfirskra heimilda.

Stjórn tekur vel í erindið svo fremi sem Héraðsskjalasafn Austfirðinga beri engan kostnað af skráningu eða flutningum umræddra gagna og að varðveisluskilyrði þeirra verði ekki verri á nýjum geymslustað.

Björn Hafþór sat hjá við afgreiðslu málsins vegna setu í menningar- og safnanefnd Fjarðabyggðar.

5. Önnur mál

a. Öll aðildarsveitarfélögin hafa samþykkt að greiða viðbótarframlag til safnsins vegna uppgjörs við Brú lifeyrissjóð. Reikningar verða sendir út í byrjun maí.

b. Héraðsskjalasafnið hefur fengið 2 millj. kr. styrk ásamt Skjala- og myndasafni Norðfjarðar til að halda áfram að mynda gamlar hreppsþækur og birta þær á netinu. Verktakar munu sjá um verkið.

c. Safnið tekur þátt í 3 sýningum á árinu í samstarfi við hin söfnin í Safnahúsinu og fleiri aðila. Umhverfing, myndlistarsýning eftir listamenn á Fljótsdalshéraði, verður opnuð 17. júní. Austfirskt fullveldi, samstarfsverkefni safna og stofnana á Austurlandi undir forystu Austurbrúar í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands, verður einnig opnað á þjóðhátíðardaginn í formi sýningar og vefs. Kona á skjön, sýning um ævi og störf Guðrúnar frá Lundi, verður opnuð í haust.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:30.

Ólafur B. Valgeirsson [sign.]

Ragnhildur Rós Indriðadóttir [sign.]

Björn Hafþór Guðmundsson [sign.]

Bára Stefánsdóttir [sign.]

Stjórnarfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 29. október 2018

Fundurinn hófst í Safnahúsinu á Egilsstöðum kl. 16:00.

Mætt voru: Ólafur Valgeirsson, Ragnhildur Rós Indriðadóttir, Björn Hafþór Guðmundsson og Bára Stefánsdóttir. Ólafur stjórnaði fundi og Bára ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2017

Niðurstaða rekstrarreiknings er tap að fjárhæð 5,4 millj. kr. Bókfærð húsaleiga í Safnahúsi er 5,8 millj. og varð því ekki tap af öðrum rekstri.

Ársreikningurinn samþykktur og undirritaður.

2. Endurskoðunarskýrsla 2017

Skýrslan lögð fram og engar athugasemdir gerðar.

Héraðsskjalavörður undirritar staðfestingarblað stjórnenda til KPMG.

3. Fjárhagsáætlun 2019

Gert er ráð fyrir að framlög aðildarsveitarfélaga verði tæpar 35 millj. kr. og hækki um 9,4 millj. kr. milli ára. Megin ástæðan er að starfsfólki á safninu fjölgar um 1 stöðugildi. Mun það hafa í för með sér um 6,2 millj. kr. hækkun á launum og launatengdum gjöldum. Launakostnaður í heild hækkar um 7,2 millj. sé tekið tillit til áætlaðra hækkana vegna nýrra kjarasamninga á árinu 2019.

Gert er ráð fyrir að aðrir kosnaðarliðir hækki svipað og verið hefur milli ára og að niðurstaða ársins verði sama upphæð á húsaleiga í Safnahúsi eða 5,8 millj. kr. tap.

Stjórn samþykkir að leggja áætlunina fyrir aðalfund safnsins og bókar ennfremur:

Stjórn Héraðsskjalasafns Austfirðinga telur brýna þörf á að fjölga starfsfólki á Héraðsskjalasafninu um 1 stöðugildi. Mannekla á safninu hefur orðið þess valdandi að safnast hafa upp kassar með óskeráðum afbendingum og skjölum. Með lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 var héraðsskjalasöfnum fengið aukid stjórnýslublutverk en þar segir m.a.: „Héraðsskjalasafn skal hafa eftirlit með skjalavörslu þeirra aðila sem eru afbendingarskyldir um skjöl sín og önnur gögn til þess“. Aukin ráðgjöf til sveitarfélaga og stofnana á þeirra vegum, s.s. skóla og leikskóla, er því æskileg. Ný reglugerð um héraðsskjalasöfn er í smíðum í mennta- og menningarmálaráðuneyti og af drögum hennar er ljóst að ætlunin er að skilyrða rekstrarleyfi héraðsskjalasafna við fagleg og rekstrarleg skilyrði í héraði. Einnig gera ný lög um persónuvernd auknar kröfur um skráningu og meðferð trúnaðarupplýsinga sem eru í vörslu safnsins. Því er mikilvægt að starfsfólki Héraðsskjalasafnsins fjölgi um eitt stöðugildi á árinu 2019.

4. Aðalfundur 2018

Aðalfundurinn verður haldinn á Borgarfirði eystri mánudaginn 19. nóvember kl. 14.

5. Stofnsamningur

Héraðsskjalavörður leggur til breytingar á stofnsamningi vegna sameiningar Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar. Einnig þarf að uppfæra upplýsingar um lög sem vísað er til í samningnum.

Stjórn samþykkir breyttan samning sem verður lagður fyrir aðalfund til staðfestingar.

6. Ársskýrsla 2017

Skýrslan lögð fram til kynningar.

7. Önnur mál

a. Skjalageymsla við Fagradalsbraut. Komið hafa í ljós gallar á húsnæðinu sem er notað sem aukaskjalageymsla. Formanni falið að hafa samband við húseiganda um úrbætur.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:45.

Ólafur B. Valgeirsson [sign.]

Ragnhildur Rós Indriðadóttir [sign.]

Björn Hafþór Guðmundsson [sign.]

Stjórnarfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 12. nóvember 2018

Fundurinn var símafundur og hófst hann kl. 13:00.

Mætt voru: Ólafur Valgeirsson, Ragnhildur Rós Indriðadóttir, Björn Hafþór Guðmundsson og Bára Stefánsdóttir. Ólafur stjórnaði fundi og Bára ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2019

Fyrstu drög fjárhagsáætlunar voru send til sveitarfélaga 14. maí 2018. Minnt var á áætlunina 20. ágúst. Enn hefur aðeins borist formlegt svar frá einu sveitarfélagi, Fljótsdalshreppi.

Stjórn samþykkti á fundi 29. október að leggja fyrrnefnda áætlun fyrir aðalfund safnsins þann 19. nóvember. Gert er ráð fyrir að bætt verði við starfsmanni í 1 stöðugildi. Rekstrarframlög verði 34,9 millj. kr. Í ljósi ábendinga um að Fljótsdalshérað muni ekki samþykkja framlagða beiðni verður til samanburðar lagðar fram tölur þar sem gert er ráð fyrir viðbótarstarfsmanni í hálf stöðugildi.

Vegna þess hve svör berast seint frá aðildarsveitarfélögum safnsins verður ekki hægt að senda aðalfundargögn með tveggja vikna fyrirvara eins og kveðið er á um í stofnsamningi. Á aðalfundinum verður því leitað samþykkis fulltrúa á því að fundurinn teljist löglegur þrátt fyrir þessa stöðu.

2. Önnur mál

a. Skjalageymsla við Fagradalsbraut.

Formaður stjórnar og forstöðumaður hafa átt fundi með leigusala vegna aukins raka í húsnæðinu. Húseigandi ætlar að setja upp loftræstingu í geymslurýminu. Mikilvægt er að tekið verði tillit til brunavarna í þeirri framkvæmd.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:50.

Ólafur B. Valgeirsson [sign.]

Ragnhildur Rós Indriðadóttir [sign.]

Björn Hafþór Guðmundsson [sign.]

Bára Stefánsdóttir [sign.]

Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga árið 2018

Haldinn í Vinaminni á Borgarfirði eystra mánudaginn 19. nóvember. Fundur hófst kl. 14:00.

Formaður stjórnar, Ólafur B. Valgeirsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Ólafur stakk upp á Kristjönu Björnsdóttur sem fundarstjóra og var sú tillaga samþykkt. Báru Stefánsdóttur var falið að rita fundargerð.

Fulltrúar sveitarfélaga á fundinum voru:

Borgarfjarðarhreppur: Helga Erla Erlendsdóttir
Djúpavogshreppur: umboð til fulltrúa Fljótsdalshéraðs
Fjarðabyggð: Pétur Sörensson
Fljótsdalshérað: Óðinn Gunnar Óðinsson
Fljótsdalshreppur: enginn fulltrúi
Seyðisfjarðarkaupstaður: umboð til fulltrúa Fljótsdalshéraðs
Vopnafjarðarhreppur: Jón Ragnar Helgason

Fundarstjóri leitaði eftir samþykki fundarmanna á því að fundurinn væri löglegur þó gögn hefðu ekki borist innan þess tíma sem sem tilgreint er í stofnsamningi byggðasamlagsins. Ástæðan er sú að ekki höfðu borist svör við fjárhagsáætlun.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar

Formaður flutti skýrslu um störf stjórnar fyrir árið 2017. Á tímabilinu voru þrjár fundir. Í stjórn voru einnig Björn Hafþór Guðmundsson og Ragnhildur Rós Indriðadóttir.

Ársskýrsla Héraðsskjalasafnsins árið 2017

Bára Stefánsdóttir sagði frá reglubundinni starfsemi og sérverkefnum á árinu. Skýrsla formanns og ársskýrsla bornar undir atkvæði. Samþykktar einróma.

2. Afgreiðsla ársreiknings 2017

Forstöðumaður fór yfir ársreikning ársins 2017 og greindi frá helstu liðum. Rekstrartekjur voru 32,4 millj. kr. Rekstrargjöld voru 37,7 millj. kr. Niðurstaða rekstrarreiknings fyrir árið 2013 er því tap að fjárhæð 5,4 millj. Bókfærð húsaleiga í Safnahúsi var 5,8 millj. Ekki varð tap af öðrum rekstri. Handbært fé í ársbyrjun var 2,8 millj. og 2,4 millj. í árslok og lækkaði um 400 þús. á milli ára.

Ársreikningurinn borinn undir atkvæði.

Samþykktar einróma.

3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar 2019

Forstöðumaður fór yfir tölur og gerði grein fyrir forsendum fjárhagsáætlunarinnar. Fljótsdalshreppur er eina sveitarfélagið sem hefur svarað fjárhagsáætlun formlega. Fulltrúar annarra sveitarfélaga á fundinum höfðu ekki umboð til að afgreiða áætlunin. Afgreiðslu fjárhagsáætlunar frestað til framhaldsaðalfundar sem verður haldinn fyrir 15. desember. Forstöðumanni falið að boða til fundarins með viku fyrirvara.

4. Kjör löggilts endurskoðanda

Stjórn leggur til að Magnús Jónsson endurskoðandi hjá KPMG sjái áfram um endurskoðun á ársreikningi safnsins.

Tillagan var samþykkt einróma.

5. Kjör skoðunarmanna reikninga

Stjórn leggur til að Sigurjón Jónasson og Ómar Bogason verði endurkjörnir skoðunarmenn. Varamenn verði: Sigurjón Bjarnason og Helga Erla Erlendsdóttir.

Samþykkt einróma.

6. Breytingar á stofnsamningi Héraðsskjalasafns.

Forstöðumaður kynnti breytingarnar sem eru tilkomnar vegna sameiningar sveitarfélaga.

Breytingar samþykktar einróma.

7. Önnur mál

Ný stjórn var kjörin á aðalfundi SSA í september. Eftirtaldir verða í stjórn safnsins að loknum aðalfundi þess:

Anna Margrét Birgisdóttir fyrir Fjarðabyggð.

Helgi Hjálmar Bragason fyrir Fljótsdalshérað, Fljótsdalshrepp og Borgarfjarðarhrepp.

Þorbjörg Sandholt fyrir Djúpavogshrepp, Vopnafjarðarhrepp og Seyðisfjarðarkaupstað.

BS þakkaði fráfarandi stjórn fyrir góð störf í þágu safnsins.

Vopnafjarðarhreppur býður til næsta aðalfundar.

Fundarmenn þáðu kaffiveitingar í boði Borgarfjarðarhrepss.

Fundargerð var lesin og undirrituð.

Fundi var frestað til framhaldsaðalfundar.

Kristín Ágústsdóttir [sign.]

Bára Stefánsdóttir [sign.]

Framhaldsaðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga árið 2018

Haldinn í fundarsal Fljótsdalshéraðs föstudaginn 14. desember. Fundurinn hófst kl. 13:00.

Formaður stjórnar, Ólafur B. Valgeirsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Ólafur stakk upp á Stefáni Bragasoni sem fundarstjóra og var sú tillaga samþykkt.

Báru Stefánsdóttur var falið að rita fundargerð.

Fulltrúar sveitarfélaga á fundinum voru:

Borgarfjarðarhreppur: enginn fulltrúi

Djúpavogshreppur: Þorbjörg Sandholt

Fjarðabyggð: Karl Óttar Pétursson

Fljótsdalshérað: Óðinn Gunnar Óðinsson

Fljótsdalshreppur: umboð til fulltrúa Fljótsdalshéraðs

Seyðisfjarðarkaupstaður: umboð til fulltrúa Fljótsdalshéraðs

Vopnafjarðarhreppur: enginn fulltrúi

Á dagskrá var að afgreiða fjárhagsáætlun sem var frestað á aðalfundi 19. nóvember.

Dagskrá:

1. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar 2019

Forstöðumaður lagði fram fjárhagsáætlun sem miðar við 5% hækkun framlaga á milli ára.

Fjarðabyggð lagði fram bókun um ástæðu þess að ekki var hægt að verða við beiðni um hærri framlög:

„Fjarðabyggð vill að það sé fært til bókar að sveitarfélagið hefur sett af stað vinnu við að fara yfir skjalavistunarmál sveitarfélagsins. Fjarðabyggð áskilur rétt til að skoða allar leiðir til lausna í þeim málum. Með tilkomu lagabreytinga er varða persónuvernd sem og aukið umfang skjala í umsjá sveitarfélagsins telur sveitarfélagið nauðsynlegt að meta vistun skjala heildstætt. Fjarðabyggð mun tilkynna niðurstöðu þessarar vinnu fyrir næsta aðalfund Héraðsskjalasafns Austurlands.“

Áætlunin samþykkt einróma.

2. Önnur mál

Umræður um hlutverk Héraðsskjalasafnsins og kröfur til þess.

Fundargerð lesin upp og undirrituð af fundarstjóra og fundarritara.

Fundi slitið klukkan 14.

Stefán Bragason [sign.

Bára Stefánsdóttir [sign.]

Stjórnarfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 14. desember 2018

Fundurinn var haldinn í fundarsal Fljótshéraðs föstudaginn 14. desember kl. 14 að loknum framhaldsaðalfundi safnsins.

Mætt voru: Anna Margrét Birgisdóttir og Þorbjörg Sandholt. Helgi Bragason var í símasambandi.

Aldursforseti, Anna Margrét, stjórnaði fundi og Bára ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Verkaskipting stjórnar

Anna Margrét verður formaður, Þorbjörg varaformaður og Helgi meðstjórnandi.

2. Næsti stjórnarfundur

Boðað verður til fundar þegar ný mál krefjast úrlausnar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:30.

Anna Margrét Birgisdóttir [sign.]

Helgi Bragason [sign.]

Þorbjörg Sandholt [sign.]

Bára Stefánsdóttir [sign.]

		Áætlun 2018	Rauntölur 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Rekstrartekjur:			ársreikn.	5% hækkun	10% hækkun
1000	Framlög frá sveitarfélögum	-25.607.347	-25.607.348	-26.887.714	-29.576.486
1001	Viðbótarframlag svf. v/Brú líf.sj.		-1.308.939		
1110	Framlög frá ríkissjóði	-928.000	-855.000	-855.000	-722.000
1111	Ýmsir styrkir	-200.000	-662.800	-200.000	-250.000
1112	Framlög skráningarverkefni	-500.000	-400.000	-500.000	-500.000
1113	Styrkir v/skönnun skjala		-2.150.000		
1610	Framlög til Ljósmyndasafns	-2.618.368	-2.345.578	-2.749.287	-2.886.751
1615	Framlög v/ljósmyndaverkefnis	-1.000.000	-1.000.000	-1.000.000	-1.000.000
1620	Styrkir/tekjur til Ljósmyndasafns	-200.000	-147.500	-250.000	-200.000
1720	Tekjur af ljósritun og fl.	-20.000	-15.900	-20.000	-20.000
1750	Aðrar tekjur				
Tekjur samtals:		-31.073.715	-34.493.065	-32.462.001	-35.155.237
Rekstrargjöld:					
2100	Framlög til bókasafns HÁ og ÖGG	1.792.514	1.792.514	1.882.140	2.070.354
2110	Framlög til skjalasafns Nesk.st.	1.818.122	1.818.122	1.909.028	2.099.931
2120	Framlög & rekstur ljósmyndasafns	2.618.368	2.345.578	2.749.287	2.886.751
	Launakostn. færður á ljósmyndas.	-1.745.578	-1.472.789	-1.832.858	-1.924.501
3100	Laun	16.165.000	16.583.018	16.896.405	18.700.000
3110	Stjórnarlaun	154.173	137.742	160.000	150.000
3120	Áfallið orlof, breyting		318.351		
3200	Tryggingagjald	1.300.495	1.342.929	1.360.000	1.440.000
3210	Lífeyrissjóðsframlag	2.671.100	2.342.716	2.865.000	3.000.000
3211	Sjóðagjöld - mótfamlag	643.521	462.766	415.000	420.000
3212	Ökutækjastyrkur	330.000	541.310	450.000	420.000
3214	Brú lífeyrissjóður		10.625		
3310	Tryggingar starfsfólks	75.000	74.466	75.000	80.000
3321	Námskeið án vsk.	100.000	90.100	90.000	95.000
3340	Kaffistofa	80.000	59.124	80.000	62.000
3380	Annar starfsmannakostnaður		28.300		
4100	Húsnæðiskostnaður				
4105	Húsaleiga í Safnahúsi	5.822.781	5.822.781	5.822.781	5.822.781
4110	Rafmagn		293.896	262.000	310.000
4115	Hiti		132.785	142.000	140.000
4120	Rekstrarfélag Laufskóga 1	573.000	-163.923	215.000	100.000
4130	Sorphirða		119.777		125.000
4140	Húsaleiga	560.000	269.149	550.000	280.000
4145	Öryggiskerfi	145.000	89.344	95.000	95.000
4150	Viðhald húsnæðis - annar kostn.		34.923		35.000
4160	Ræsting	830.000	818.058	870.000	1.000.000
4200	Beinn rekstur safnsins				
4210	Aðkeypt vinna (án vsk)		190.244	195.000	200.000
4230	Rekstur tölvukerfis (án vsk)	525.000	547.817	570.000	600.000
4235	Rekstur tölvukerfis (e.gr. vsk)	190.000	241.411	200.000	300.000
4240	Gjaldfærð skrifstofuáhöld og tæki	100.000	109.576	300.000	250.000
4250	Gjaldfærð áhöld og innréttingar	50.000	322.269	50.000	150.000
4251	Umbúðir	270.000	74.923	200.000	250.000

4254	Kostn. v/sýninga og dagskrár	100.000	-63.678	100.000	50.000
4260	Ljósmyndavefur	300.000	224.054	150.000	230.000
4261	Skönnunarverkefni		3.284.845		
4265	Vátryggingar	130.000	122.123	134.000	130.000
4400	Skrifstofukostnaður				
4410	Sími	60.000	84.490	85.000	90.000
4430	Burðargjöld	90.000	100.166	90.000	105.000
4460	Pappír, prentun og ritföng	205.000	139.342	200.000	140.000
4500	Stjórnun og umsýsla				
4510	Aðkeypt þjónusta (án vsk)				
4520	Endurskoðun, bókhald (egr. vsk)	680.000	783.420	690.000	820.000
4530	Ferðakostnaður	130.000	75.053	150.000	140.000
4540	Dagpeningar				
4550	Funda- og viðskiptakostnaður	100.000	93.160	50.000	95.000
4580	Auglýsingar/kynningarstarf	35.000		35.000	fært í 4254
4590	Gjafir og styrkir				
4595	Annar kostnaður				
4685	Niðurfærsla krafna (innréttingar)				
5010	Afskriftir innréttinga		98.500		
6215	Bankakostnaður, þjónustugjöld	58.000	47.227	45.000	50.000
	Gjöld samtals:	36.956.496	40.366.604	38.299.783	41.007.316

Fjármagnsliðir:

6110	Vaxtatekjur	-60.000	-37.291	-15.000	-29.298
6120	Fjármagnstekjuskattur		454		
6220	Vaxtagjöld		8.115		
		-60.000	-28.722	-15.000	-29.298
	Niðurstaða:	5.822.781	5.844.817	5.822.781	5.822.781

Héraðsskjalasafn Austfirðinga bs.

Áætlun um rekstrarframlög sveitarfélaga 2020

12.11.2019

Aðildarsveitarfélög	Skatt-tekjur 2018	% skipt. tekn.	% skipt. framl.	Rekstrar framlag	30%	70%	Samtals til innh. 2020	Var til innh. 2019	Hækkun milli ára	Hver gjalddagi
Vopnafjarðarhreppur	618.838	5,82	4,08	1.205		1.205	1.205.388	1.233.689	(28.301)	100.449
Fjótisdalshérað	3.551.030	33,41	52,07	15.401	8.484	6.916	15.401.347	14.224.986	1.176.361	1.283.446
Fjótisdalshreppur	162.549	1,53	2,38	705	388	317	704.999	660.850	44.149	58.750
Borgarfjarðarhreppur	121.240	1,14	0,80	236		236	236.154	175.796	60.358	59.039
Seyðisfjarðarkaupstaður	632.757	5,95	4,17	1.232		1.232	1.232.500	1.098.961	133.539	308.125
Fjarðabyggð*	5.048.213	47,49	33,25	9.833		9.833	9.833.034	8.569.088	1.263.946	819.420
Djúpavogshreppur	494.430	4,65	3,26	963		963	963.063	924.344	38.719	80.255
	10.629.057	100	100	29.575	8.872	20.702	29.576.486	26.887.714	2.688.772	2.709.483

Frá framlagi Fjarðabyggðar dregst upphæð sem Héraðsskjalasafnið leggur til Skjala- og myndasafns Norðfjarðar.

Fjarðabyggð	Samtals til innh. 2020	Var til innh. 2019	Hækkun milli ára	Hver gjalddagi
5.048.213	9.833	8.569.088	1.263.946	
47,49	33,25	9.833		

Skjala- og myndasafnið í Neskaupstað	Samtals til innh. 2020	Var til innh. 2019	Hækkun milli ára	Hver gjalddagi
	-2.099.931	-1.909.028	190.903	

* Framlag Fjarðabyggðar er því: **7.733.103** **6.660.060** **1.073.043** **644.425** **12**

Unnið skv. upplýsingum um skatttekjur 2018 frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga: útsvar, fasteignaskattur, jöfnunarsjóður og lóðarleiga (í þús. kr.)

Framlögum er skipt í samræmi við stofnsamning byggðasamlagsins. Gjalddagar eru 12. Heimilt er að halda fyrri reglu með 4 gjalddaga (janúar, apríl, júlí, október).